



1. útgáfa 24.01.2020

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>Natrium nitrate food grade E251</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	<b>1358 16236</b>		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>	<b>Viðeigandi notkun</b> Hjálparefni fyrir matvælaíðnað.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi, sjá hér að ofan.		
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>N1</b>	<b>Framleiðandi:</b>	BASF SE
	Dalvegur 10-14		D-67056 Ludwigshafen
	201 Kópavogur		Þýskaland
<b>Sími:</b>	440 1000		00-49-621-60-0
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>		<a href="mailto:global.info@basf.com">global.info@basf.com</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>		<a href="http://www.basf.com">www.basf.com</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)	Ox.fast efni 2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

Samkvæmt bestu vitneskju og beitingu viðmiða sem gefin eru upp í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, er framangreind flokkun strangari en skv. kröfum reglugerðarinnar í VI. Viðauka, töflu 3.1.

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð **HÆTTA**

**Hættusetningar**

H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

**Varnaðarsetningar**

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P220	Má ekki nota eða geyma í námunda við fatnað/brennanleg efni.
P221	Gætið þess að blanda efninu ekki saman við brennanleg efni.
P264	Þvoðu húð vandlega eftir meðhöndlun.
P270	Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.
P280	Notið augnhlífur/andlitshlífur.
P283	Klæðist brunapolnum/eldpolnum/eldtefjandi fatnaði.
P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P330	Skolið munninn.

P337+P313 Ef augnering er viðvarandi: Leitið lækni.  
P370+P378 Ef eldur kemur upp: Notið vatnsúða til að slökkva eldinn.  
P420 Má ekki geyma hjá öðru efni.  
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

**Inniheldur:** Natriumnítrat.

**2.3 Aðrar hættur:** Ef það á við eru hér rakin atriði sem ekki hafa hlotið flokkun, en geta haft áhrif á heildaráhrif af völdum vörunnar. Varan er ekki talin valda sérstakri hættu, sé reglum og leiðbeiningum fylgt.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

#### 3.1 Efni:

Natriumnítrat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119488221-41	Innihald %	100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-554-3	H-setningar	-
CAS	7631-99-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Ox.fast efni 2 - H272, Augnert.3 - H319			

**3.2 Blöndur:** Á ekki við.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.
<b>Innöndun</b>	Haldið hinum slasaða rólegum, leitið lækni. Gefið kortikósteráúða eftir innöndun niðurbrotsefna.
<b>Snering við húð</b>	Hreinsið strax húð með miklu vatni og sápu.
<b>Snering við augu</b>	Skolið strax með miklu vatni í 15 mínútur. Haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolon. Leitið augnlækni.
<b>Inntaka</b>	Skolið munn og gefið 1-2 vatnsglös að drekka. Leitið lækni.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Einkenni: Uppköst, sljóleiki, skorun á áttun, niðurgangur, ógleði, höfuðverkur, hækkað metemóglóbín í blóði.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Komið í veg fyrir myndast nitroxíð (NOx), og dínatriumoxíð. Niðurbrotsefna.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.  
Óhentugur slökkvibúnaður: Slökkviduft (ABC), koldíoxíð.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim. Við bruna geta myndast nitroxíð (NOx), og dínatriumoxíð.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Efnið er oxari og getur myndað súrefni við bruna, sem aftur eykur bruna annarra lífrænna eða eldfimra efnasambanda.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar, þá.m. öndunarhlífar við myndun gufu eða úða.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi nema að lokinni formeðhöndlun. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Sópið eða mokið upp með handverkfærum og fargið samkvæmt reglum, sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Hafið umbúðir vel luktar. Reykið ekki. Forðist beina snertingu við vöruna. Viðhafið góðar vinnuvenjur. Sérstakar ráðstafanir vegna bruna/sprengihættu eru óþarfar. Forðist raka, hátt hitastig, eld- og neistagjafa. Varan er ekki eldfim.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist snertingu við efnasambönd sem geta oxast, afoxara, ammóníumsölt og raka.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Natríumnítrat					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	20,8	mg/kg
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	36,7	mg/m <sup>3</sup>
Neytendur	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	12,5	mg/kg
Neytendur	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	12,5	mg/kg
Neytendur	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	10,9	mg/m <sup>3</sup>
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,045	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	0,45	mg/kg
Umhverfi	Ósamfelld losun		PNEC	4,5	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		PNEC	18	mg/l

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

## Persónuhlífar



### Augnhlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN166), eða andlitshlíf.  
Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr bútýl- eða nítrílgúmmíi, eða klórópren (EN374).  
Einig má nota hanska úr flúorfjöllidum eða PVC.  
Efnisþykkt hanska: 0,4-0,7 mm (verndarstuðull 6, 480 mín gegnstreymistími).  
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.  
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Mælt er með notkun langerma efnaþolins vinnufatnaðar (EN 14605 eða EN 13982 (ryk)).  
Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari rykstyrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með agnasíu af gerð P1 eða FFP1 (EN 143 eða 149).

---

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Kristallað/duft
Lykt:	Mjög væg
Lyktarmörk:	Á ekki við
Litur:	Hvítur
pH:	8-9
Bræðslumark:	307°C
Suðumark:	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi
Tendrunarmark:	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi
Sjálftendrun:	Á ekki við
Niðurbrotsmark:	>600°C (myndar súrefni, nitur, dínatríumoxíð)
Gufuþrýstingur (20°C):	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi
Eðlismassi við 20°C:	2,26 g/cm <sup>3</sup>
Eðlismassi (kornað):	1,30 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	874 g/l
Seigja (20°C):	1,102 mPas
Sprengifími:	Nei
Oxandi eiginleikar:	Já

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

Rakadrægni:	Já
pKa:	14,80
Mólmassi:	84,99

---

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

---

### 10.1 Hvarfgirni:

Ekki hætta á varasömum efnahvörfum við ætlaða notkun.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.  
Inniheldur ekki peroxíð, ekki hætta á peroxíðmyndun.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Kröftug efnahvörf með oxurum og afoxurum.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, raki.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, afoxarar, ammóníumsambönd.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast nituroxíð (NOx), og dínatríumoxíð.

---

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:	Hætta á blóðskaða (metemóglóbínemía) eftir innöku mikils magns.
-----------------	---

Natríumnítrat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	3,43	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, snerting við húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		Veldur ekki ertingu		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			Getur myndað nitrósamín við sérstök skilyrði. Nitrósamín eru krabbameinsvaldar.
Eiturhrið á æxlunarfæri		Engar vísbendingar			
Sértæk eiturrhif á markklíffæri (EV)		Blóðskaði			
Sértæk eiturrhif á markklíffæri (VES)		Blóðskaði við endurtekna inntöku			

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrið:

Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Varan er þó talin skaðlaus lífi í vatni. Losun lítills magns er ekki talin hafa áhrif á virkni seyru í hreinsistöðvum.

Natríumnítrat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrið	LC <sub>50</sub>	7950 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrið	EC <sub>50</sub>	8609 mg/l	24 klst	Daphnia	
Eiturhrið	EC <sub>50</sub>	>1700 mg/l	10 d	vatnagróður	
Eiturhrið	EC <sub>10</sub>	180 mg/l	3 klst	örverur	OECD 209
Þrávirgni og niðurbrot		Ólífrænt efni, á ekki við			Örverur geta oxað nitröt, einnig afoxað og myndað nitur.
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Dreifanleiki í jarðvegi		Aðsog talið ólíklegt			
PBT/vPvB		Ólífrænt efni, uppfyllir ekki viðmið			
Önnur visteiturhrið		Við rétta skömmtun í hreinsistöðvum, er ekki talin hætta á minnkaðri virkni seyru			

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

#### Óhreinarn umbúðir

Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinarn umbúðir má endurvinna.

## 14. Upplýsingar um flutninga

### ADR:

UN Númer 1498  
 Efnisheiti v. flutninga: SODIUM NITRATE  
 Hættuflokkur: 5.1  
 Þökkunarflokkur: III  
 Hættuundirflokkur: -  
 Jarðgangaflokkun: E  
 Mengunarahætta: Nei

### Varúðarmerking



### IMDG:

UN Númer 1498  
 Efnisheiti v. flutninga: SODIUM NITRATE  
 Hættuflokkur: 5.1  
 Þökkunarflokkur: III  
 Mengunarahætta: Nei



### IATA:

UN Númer 1498  
 Efnisheiti v. flutninga: SODIUM NITRATE  
 Hættuflokkur: 5.1  
 Þökkunarflokkur: III



---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).  
Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H272	Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Útgáfa/Dags: 1 / 24.01.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi, sími 8937135.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**BASF SE**  
**VEILIGHEIDSINFORMATIEBLAD VOLGENS (EG)1907/2006**  
**SODIUM NITRATE FOOD GRADE E251**

Endurskoðað:

01.03.2016 Útgáfa 11.0